

**201. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 19. október 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Jónas Kári Eiríksson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Magni Grétarsson varamaður, Ingunn Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Guðný Birna Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2111193 - Leikskólar í desember - afsláttur**

Afsláttur af leikskólagjöldum í desember vegna frídaga.

*Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að bjóða foreldrum uppá gjaldfrjálsa daga í leikskólum bæjarins 23. 27 28. 29. og 30. desember 2022. Þar sem foreldrum verður gefinn kostur á að velja alla dagana eða staka daga á uppgefnu tímabili.*

*Meginmarkmið með þessu fyrirkomulagi er að veita foreldrum og börnum tækifæri til samveru og ekki síður að gefa börnunum tækifæri til frídaga. Langir leikskóladagar geta verið litlum börnum krefjandi og því mikilvægt að grípa tækifæri þegar þau gefast til að börnin fái hvíld og frí. Þessir dagar skapa einnig svigrúm í leikskólanum til að bjóða starfsmönnum að nýta eftirstöðvar orlofsdaga og/eða taka út styttingu vinnuvikunnar.*

**2. 2109170 - Gjaldskrár 2022**

Fjárhagsáætlunargerð - gjaldskrár.

*Lagt fram til umræðu.*

**3. 2209178 - Reglur um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum - endurskoðun**

Endurskoðun á reglum um niðurgreiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum.

*Sviðstjóra falin áframhaldandi vinna í tengslum við endurskoðun á reglum um niðurgreiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum.*

**4. 2210078 - Ípróttahús við Vesturgötu - LED skjár**

Beiðni frá Körfuknattleiksfélagi ÍA um kaup á LED skjá í ípróttahúsið á Vesturgötu.

*Ragnheiður Rún Gísladóttir fulltrúi stjórnar Körfuknattleiksfélags ÍA kom inn á fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Ragnheiði Rún fyrir kynningu á erindi frá Körfuknattleiksfélagi ÍA. Ráðið leggur til að óskirnar verði teknar til skoðunar í tengslum við fjárhagsáætlunargerð og vísar erindinu til bæjarráðs.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

Þórunn María Sigmundsdóttir  
Eindri Brandsson  
Magni Grétarsson  
Arman Ágústsdóttir  
Dagný Hauksdóttir

2/8